

AUGLÝSING
um breytingu á deiliskipulagi íþrótt- og útivistarsvæðis
við Hástein, Vestmannaeyjum.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga þann 21. apríl 2010 breytingu á deiliskipulagi íþrótt- og útivistarsvæðis við Hástein frá 2007. Skipulagsbreytingar felast í því að tjaldsvæði er afmarkað frá Þórsheimili og austur í átt að íþróttamiðstöð við Illugagötu. Svæðið er um 18.000 m² að stærð og er þjónustumiðstöð tjaldsvæðis í Þórsheimili.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, 8. júní 2010,

Sigurður Smári Benónýsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2010